

# Nýir tímar - ný tækifæri

## Leitað nýrra leiða



Litlu mátti muna að húsið yrði rífið.

### Uppbyggingin

Eftir 1990 hafði Gamla kaupfélagið staðið ónotað um nokkurt árabil. Húsið var orðið mjög lélegt á allan hátt og í raun lýti í byggðarlaginu. Margoft var því haft á orði að réttast væri að rífa húsið. Loks ákvað eigandi þess, Kaupfélagið, að fá ráða verktaka og hefjast handa við hreinsunarstarfið. Minnstu munaði að svo færi en á síðustu stundu fékkst frestur á meðan kannað var hvort raunhæft væri að bjarga þessari roskenndu miðstöð kaupfélagsins og hvort áhugi væri fyrir hendi á að hún fengi að standa lengur.

Stofnað var áhugamannafélag um varðveislu hússins hinn 27. apríl 1995 undir forystu Guðjóns Sveinssonar og Jóhönnu Sigurðardóttur. Keypti félagið því næst húsið fyrir táknrænt verð, eina krónu. Endurbyggingin gekk hægt í fyrstu en þó var í það minnsta hægt að fyrirbygga frekari skemmdir. Fjöldmargir verktakar og einstaklingar komu að endurbyggingunni en yfirmsiður var Björn Björgvinsson. Árið 2008 var að mestu lokið við aðalhæðirnar – síðasta áfanga endurbyggingarinnar – og húsið opnað fyrir starfsemi.



Það hafa verið mörg handtökin við endurbyggingu Gamla kaupfélagsins og smá saman breyttist húsið úr því að vera liti í byggðarlaginu yfir í að vera gullfaleggt hús í hjarta þorpsins.



Gamla kaupfélagið sumarið 2008 – Menningarhús Breiðdælinga

### Breiðdalssetur - lifandi þekkingarsetur

Stofnfundur sjálfseignarstofnunar um starfsemi í Gamla kaupfélaginu, Breiðdalsseturs, fór fram 26. nóvember 2010. Í samþykktum um Breiðdalssetur segir: Tilgangur stofnunarinnar er rekstur rannsókn- og fræðaseturs með þrjú eftirfarandi megin svið þar sem tilgangur hvers sviðs er eftirfarandi:

**Málvísindastofa:** Heiðra minningu dr. Stefáns Einarssonar frá Höskuldstöðum í Breiðdal og framlag hans til málvísinda og örnefnasöfnunar.

**Jarðfræðistofa:** Heiðra minningu dr. George Patrick Leonard Walker sem starfaði m. a. í Breiðdal og kortlagði hraunlagastafla og megineldstöðvar á Austurlandi.

**Samfélags- og sögustofa:** Varðveisla upplýsinga og kynning á uppbyggingu samfélagsins og mikilvægi gamalla bygginga og muna. Enn fremur að stuðla að eflingu lista og menningarlífs í sveitarfélaginu.



Menningarhús Breiðdælinga



Blásið til framkvæmda á formlegum opnunardegi Breiðdalsseturs 2008.



23. ágúst 2008

### Ferðabjónusta

Um og eftir árið 2000 minnkaði vægi fiskvinnslu til mikilla muna í atvinnulífi Breiðdælinga. Á móti færðist fjör í ferðabjónustuna, allnokkur ferðabjónustufyrirtæki hófu starfsemi á næstu árum og þau sem fyrir voru döfnuðu yfirleitt vel.



### Brosur

Breiðdalsvík stendur á tímamótum – enn á ný er komið að því að leita nýrra leiða til að tryggja lífsbjörgina. Að því leyti standa þorpsbúar nútímans í sömu sporum og frumherjar kaupfélagsins sem fundu framtíð í verslun og seinna í veiðum og vinnslu sjávarafurða. Og enn á ný er hjartsláttur kaupfélagsins í Gamla kaupfélaginu. Margvíslegir möguleikar eru fyrir hendi og framundan spennandi mótunarskeið. Íbúarnir er hreyknir af sveitinni sinni og þorpinu og bjóða gesti velkomna með stolti. Breiðdalur brosir við þér – brostu bara á móti!

